

SAMÞYKKT

um hundahald í Fjallabyggð.

1. gr.

Umsjón og eftirlit með hundahaldi.

Hundahald í Fjallabyggð er háð leyfi bæjarstjórnar og bundið þeim skilyrðum sem tilgreind eru í samþykkt þessari.

Bæjarstjórn Fjallabyggðar skal tilnefna hundaeftirlitsmenn úr hópi starfsmanna sveitarfélagsins til að hafa umsjón með hundaeftirliti, samkvæmt samþykkt þessari, í umboði bæjarstjórnar og heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra.

Hundaeftirlitsmenn geta leitað aðstoðar lögreglu eða dýralæknis eftir því sem þörf krefur.

2. gr.

Gjaldskrá.

Bæjarstjórn skal, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, setja gjaldskrá vegna hundaftirlits í samræmi við ákvæði 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Í gjaldskrá skal kveðið á um gjald fyrir útgáfu og endurnýjun hundaleyfis, sbr. 6. og 7. gr. og kostnað hundaeigenda vegna annarra gjaldaliða sem leiða af samþykkt þessari. Við ákvörðun gjaldskrár skal tekið mið af launa-, efnis- og umsýslukostnaði og öðrum kostnaði sem fellur til vegna hvers gjaldaliðar samkvæmt rekstraráætlun.

Bæjarstjórn skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

3. gr.

Skilyrði fyrir útgáfu leyfis til hundahalds.

Bæjarstjórn getur veitt lögráða íbúum Fjallabyggðar leyfi til hundahalds að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

1. Eigandi hunds skal vera með ábyrgðartryggingu hjá viðurkenndu tryggingarfélagi sem nær til alls tjóns, sem hundurinn kann að valda mönnum, dýrum, gróðri og munum. Vottorð um ábyrgðartryggingu skal fylgja umsókn um leyfi til hundahalds.
2. Eigandi hunds skal hafa staðið skil á hundaleyfisgjaldi skv. 6. gr.
3. Um leyfi til að halda hund í í fjöleignarhúsi skal fara skv. 10. tl. b-liðar 41. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús. Þegar sótt er um leyfi til að halda hund í fjölbylishúsi þar sem inngangur, stigagangur eða annað húsrými er sameiginlegt eða um annað sameiginlegt rými er að ræða, skal skriflegt samþykki 2/3 þeirra íbúðareigenda sem hlut eiga að máli, sbr. 33. gr. a. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús fylgja umsókn. Sama á við ef um er að ræða parhús eða raðhús. Þegar hvorki er um sameiginlegan inngang né stigagang að ræða, er samþykkis annarra eigenda ekki þörf fyrir hundahaldi í viðkomandi fjöleignarhúsi, sbr. 33. gr. b. laganna. Sé eigandi fjöleignarhúss, eða annar varanlegur íbúi í hans skjóli, blindur eða fatlaður á annan máta þannig að hann þurfi á sérþjálfuðum leiðsögu- eða hjálparhundi að halda er honum heimilt að halda slíkan hund án þess að samþykki annarra eigenda liggi fyrir sbr. 33. gr. d. laganna.
4. Hundaeigandi skal ekki hafa orðið uppvís að brotum sem varða sviptingu leyfis til hundahalds í tvö ár fram að veitingu leyfisins.

Eigandi hunds má ekki hafa verið sviptur leyfi til dýrahalds með dómi fyrir brot á lögum nr. 15/1994 um dýravernd, sbr. refsheimildir í 20. gr. laganna. Farið skal að niðurstöðu dómsins varðandi það hvort og hvenær viðkomandi getur hafið dýrahald að nýju.

Bæjarstjórn er þó heimilt að stöðva eða takmarka útgáfu leyfa til hundahalds tímabundið telji hún hundaeign í sveitarfélaginu of mikla. Skal þá slík ákvörðun auglýst í a.m.k. einum svæðisbundnum fjölmiðli og á heimasíðu sveitarfélagsins.

4. gr.

Umsókn um leyfi til hundahalds.

Sækja skal um leyfi til hundahalds á skrifstofu Fjallabyggðar fyrir alla hunda sem halda á í Fjallabyggð á þar til gerðu eyðublaði. Sótt skal um leyfi fyrir hvolp áður en hann verður 8 mánaða gamall en fyrir eldri hund skal sótt um leyfi áður en hann kemur inn á heimilið.

5. gr.

Leyfisbréf.

Bæjarstjórn Fjallabyggðar gefur út leyfisbréf fyrir viðkomandi hund, að uppfylltum þeim skilyrðum sem tiltekin eru í 8. gr.

Eigandi hundsins skal við úthlutun leyfis fá afhenta plötu með skráningarnúmeri og heiti hundsins, merki Fjallabyggðar og símanúmeri eiganda. Plata þessi skal ávallt vera fest við ól um háls hundsins. Jafnframt skal leyfishafi fá afhent eintak af samþykkt um hundahald í Fjallabyggð.

Leyfi er bundið við þann hund sem sótt er um leyfi fyrir og þann eiganda sem sækir um það. Leyfi er ekki framseljanlegt. Ef hundur fær nýjan eiganda skal sá sækja um nýtt leyfi. Sömuleiðis skal endurnýja leyfi ef eigandi hundsins flytur í fjölbýli. Við flutning skal ávallt tilkynna um nýtt heimilisfang.

Ef hundur deyr eða er fluttur úr sveitarfélaginu skal tilkynna það til hundaeftirlits Fjallabyggðar.

6. gr.

Gjald fyrir útgáfu og endurnýjun leyfis til hundahalds.

Gjald fyrir útgáfu og endurnýjun hundaleyfis skv. gjaldskrá bæjarstjórnar skal greiða til bæjar-sjóðs við fyrstu skráningu hundsins og síðan árlega fyrirfram með gjalddaga 1. september. Hafi gjaldið ekki verið greitt á eindaga skv. greiðsluseðli fellur leyfi til hundahalds sjálfkrafa úr gildi.

Björgunar- og leiðsöguhundar og hundar sem notaðir eru við búrekstur á lögbylum í sveitarfélaginu eru undanþegnir gjaldi fyrir hundaleyfi. Sótt skal um slíkar undanþágur á þar til gerðum eyðublöðum og sýnt fram á að hundurinn uppfylli framangreind skilyrði. Eigendur þessara hunda skulu greiða kostnað af hundahreinsun samkvæmt reikningi.

7. gr.

Endurnýjun leyfis til hundahalds.

Leyfi til hundahalds endurnýjast ár hvert að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum en fellur að öðrum kosti sjálfkrafa úr gildi:

1. Eigandi mætir með hundinn í árlega hundaskoðun og ormahreinsun sem fram fer á vegum sveitarfélagsins í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti eða framvísar vottorði um sambærilega hreinsun hjá dýralækni.
2. Eigandi framvísar kvittun fyrir endurnýjun ábyrgðartryggingar skv. 1. tölul. 3. gr. Kvittun skal lögð fram þegar árleg hundahreinsun skv. 1. tölul. þessarar greinar hefur farið fram. Hundaeigandi skal framvísa tryggingarskilmálum ef þess er óskað.
3. Eigandi stendur skil á gjaldi fyrir árlega endurnýjun hundaleyfis skv. 5. gr.

8. gr.

Almenn skilyrði hundahalds.

Forráðamenn hunda sem skráðir eru í sveitarfélaginu skulu fara að lögum nr. 15/1994 um dýravernd og reglugerð nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni. Brot gegn ákvæðum laga nr. 15/1994 og reglugerðar nr. 1077/2004 teljast brot á ákvæðum samþykktar þessarar.

Leyfishafi skal gæta þess vel, að hundur hans raski ekki ró manna og valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði. Eftirlitsaðili getur krafist þess að eigandi hunds sæki hlýðninámskeið með hund sinn ef ástæða þykir til.

Hundur skal aldrei ganga laus á almannafæri heldur vera í ól og í fylgd með manni, sem hefur fullt vald yfir honum. Þó er heimilt að sleppa hundi lausum á opnum svæðum utan þéttbýlis, enda sé hann undir eftirliti gæslumanns og það tryggt að hundurinn valdi ekki ónæði eða truflun á umferð

um viðkomandi svæði. Sleppi hundur frá eiganda sínum skal tafarlaust gera ráðstafanir til að finna hundinn.

Þegar hundur er í festi á húslóð skal lengd festarinnar við það miðuð að óhindrað megi ganga að aðaldyrum hússins. Heimilt er að hafa hunda lausa innan girðingar á einkalóð, enda sé hún hunda-held og óhindrað aðgengi að aðaldyrum utan hennar.

Leyfishafi, eða gæslumaður hunds þar sem það á við, skal fjarlægja saur eftir hundinn og farga honum á tryggan hátt.

Hundaeiganda er skylt að verða við tilmælum eða óskum heilbrigðisnefndar, heilbrigðisfulltrúa eða hundaeftirlitsmanns um skoðun eða rannsókn hunds leiki grunur á að hann beri með sér smit.

9. gr.

Takmörkun á umferð hunda.

Óheimilt er að hleypa hundum inn í húsrými og inn á lóðir sem fjallað er um í fylgiskjali 3 með reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, sbr. 19. gr. reglugerðarinnar. Einnig er óheimilt að hleypa hundum á staði þar sem matvæli eru tilreidd, meðhöndluð eða geymd, sbr. reglugerð nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli. Þessir staðir eru m.a. eftirfarandi:

1. Vatnsveitur, vatnsból og verndasvæði þeirra og brunnar.
2. Skólar og gæsluvellir.
3. Sjúkrahús, lækna-, tannlækna- og aðgerðarstofur, heilbrigðis- og meðferðarstofnanir.
4. Vistarverur handtekinna manna.
5. Heilsuræktarstöðvar.
6. Íþróttastöðvar og íþróttahús.
7. Snyrti-, sólbaðs- og húðflúrstofur.
8. Nuddstofur og sjúkraþjálfun.
9. Samkomuhús, s.s. kirkjur, leikhús, hljómleikasalir, söfn og kvikmyndahús.
10. Gististaðir og sumarhúsið fyrir börn.
11. Veitingastaðir og matvælafyrirtæki.

Heimilt er þó að fara með hunda inn í húsnæði þjónustustarfsemi sem sérstaklega er ætluð dýrum, s.s. íþróttamannvirki, heilbrigðisstofnanir og snyrtistofur.

Óheimilt er að fara með hunda á leiksvæði fræðslustofnana í eigu Fjallabyggðar. Forráðamenn leiksvæða geta veitt undanþágu frá banni við umferð hunda í sérstökum tilfellum.

Bæjarstjórn getur ákveðið að banna eða takmarka umferð hunda um ákveðin svæði á forræði Fjallabyggðar eða sett skilyrði fyrir henni. Skulu þá sett upp leiðbeiningarmerki á áberandi stöðum, girðingar eða gerðar aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til að upplýsa um takmarkanir.

Fötluðu fólki er heimilt að hafa með sér hjálparhunda á gististaði, veitingastaði, snyrtistofur, heilbrigðisstofnanir, íþrótt- og baðstaði, í skóla, fangelsi og samkomuhús, enda sé hinum fatlaða ótvíræð nauðsyn að hjálparhundi og hundurinn merktur sem slíkur. Heilbrigðisnefnd getur, sbr. 19. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti veitt undanþágu til að halda hunda, ketti og önnur gæludýr á heilbrigðis- og meðferðastofnunum að fenginni beiðni hlutaðeigandi stofnunar.

10. gr.

Árásarhundar og aðrir hættulegir hundar.

Hundar, sem bannað er að flytja inn skv. reglugerð nr. 935/2004 um innflutning gæludýra og hundasæðis, eru bannaðir í Fjallabyggð.

Óheimilt er að árásarþjálfar hunda sem skráðir eru í Fjallabyggð eða skrá hund sem hefur verið árásarþjálfaður, nema hundur sé á vegum lögreglu og þjálfaður til starfa fyrir hana. Aðrir árásarþjálfar hundar verða fjarlægðir og aflífaðir.

Hunda sem hætta er talin stafa af og hunda sem ráðast á menn eða skepnur, skal tilkynna til lögreglu þegar í stað, fjarlægja þegar í stað og færa í vörslu hundaeftirlitsmanns. Séu hundar teknir í vörslu taka lögreglustjóri og hundaeftirlitsmaður ákvörðun um það hvernig með þá skuli farið. Heimilt er að afturkalla leyfi og fyrirskipa aflífun hættulegs hunds, að höfðu samráði við dýralækni.

11. gr.

Handsömun og geymsla hunda.

Ef hundur er fjarlægður sbr. 10. eða 13. gr., eða ef laus hundur er handsamaður, skal honum komið í vörslu hundaeftirlitsmanns sem skal sjá um geymslu og fóðrun hunds á kostnað eiganda fram að afhendingu, nema um sé að ræða hund sem skal aflífaður skv. 10. gr. Leyfishafa skal tilkynnt um handsömun hundsins og gefinn hæfilegur frestur til að sækja hundinn. Fresturinn skal að lágmarki vera 7 dagar frá tilkynningu.

Sinni eigandi ekki tilmælum eftirlitsaðila um að sækja hund sinn eftir að hafa verið gefinn hæfilegur frestur er eftirlitsaðila heimilt að selja hundinn upp í kostnað, ráðstafa honum til nýs ábyrgs eiganda eða láta aflífa hann eftir því sem við á. Ef óskráðs eða ómerkts hunds er ekki vitjað innan viku frá handsömun er heimilt að ráðstafa honum eða láta aflífa hann, enda sé ekki vitað hver eigandi hans er.

Við afhendingu skal eigandi hunds greiða kostnað af handsömun, geymslu og fóðrun samkvæmt gjaldskrá sem bæjarstjórn setur. Starfsmönnum er óheimilt að gefa afslátt frá greiðslu eða afhenda hund áður en greiðsla er innt af hendi. Óheimilt er að afhenda óskráðan hund fyrr en að lokinni skráningu.

Eigandi hunds, sem aflífa þarf samkvæmt framansögðu, skal bera kostnað af handsömun, geymslu og fóðrun hans fram að aflífun, sem og kostnað af aflífun hjá dýralækni.

12. gr.

Almenn afturköllun leyfa til hundahalds.

Bæjarstjórn getur afturkallað öll leyfi til hundahalds telji hún þess þörf eða til að verja almannahagsmuni. Heilbrigðisnefnd getur einnig ákvarðað um afturköllun allra leyfa til hundahalds enda liggi fyrir því ríkar ástæður sem varða starfssvið hennar.

Við almenna afturköllun leyfa skal hundaeigendum gefinn hæfilegur frestur til að finna hundum sínum ný heimili, nema ástæður afturköllunar krefjist jafnframt tafarlausra aðgerða af hálfu heilbrigðisyfirvalda, t.d. til að hefta útbreiðslu sjúkdóma.

13. gr.

Viðurlög við brotum.

Eigendur eða forráðamenn hunda sem brjóta gegn ákvæðum samþykktar þessarar skulu sæta skriflegri áminningu og gefinn hæfilegur frestur til úrbóta. Ef leyfishafi vanrækir skyldur sínar eða brýtur ítrekað gegn ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum sem gilda um hundahald getur bæjarstjórn afturkallað leyfi hans til hundahalds. Komi til leyfissviptingar vegna ítrekaðra brota á skilyrðum fyrir hundahaldi skal kæra til lögreglu og hún sjá um að hundurinn sé fjarlægður.

Eigendur óskráðra hunda skulu krafðir um leyfisgjald sbr. 6. gr. Auk þess er heimilt að beita þá sektum allt að fjárhæð leyfisgjalds hverju sinni.

Brot gegn samþykkt þessari geta varðað sektum rúmist þau jafnframt innan refsíákvæða hlutað-eigandi laga, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Skulu þau brot sæta þeirri málsmeðferð sem boðin er í lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

14. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 586/2009 um hundahald í Fjallabyggð.

Umhverfissráðuneytinu, 2. júlí 2012.

F. h. r.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Íris Bjargmundsdóttir.